

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs

Samþykktir

1.gr.

Stofnunin heitir Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs. Starfssvæði hennar er Fljótsdalshérað. Eigandi stofnunarinnar er Bæjarfélagið Fljótsdalshérað.

2.gr.

Heimili menningarmiðstöðvarinnar og varnarþing er að Lyngási 12, 700 Egilsstöðum.

3.gr.

Menningarmiðstöðin stendur fyrir og stuðlar að eflingu lista- og menningarstarfs á Fljótsdalshéraði.

4.gr.

Þessum markmiðum hyggst Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs ná með því að:

- starfa eftir stefnumótun sveitarfélaga á Austurlandi í menningarmálum og samningi milli þeirra og menntamálaráðherra frá 15.mars 2005, þar sem m.a. er kveðið á um starfsemi fjögurra menningarmiðstöðva á Austurlandi
- stuðla að því að hrint verði í framkvæmd hugmynd um menningarhús þar sem lögð er áhersla á aðstöðu fyrir sviðslistir í samræmi við samstarfssamning sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál
- vera vettvangur menningar og lista í sinni fjölbreyttustu mynd og styrkja Fljótsdalshérað og Austurland sem menningarsamfélag
- setja saman viðburðarskrá í samstarfi við aðra aðila, fyrir heilt ár í senn og skal hún koma út fyrir miðjan janúar ár hvert og endurskoðuð í byrjun maí og september.
- markaðssetja, undirbúa og vinna að framkvæmd viðburða
- sækja um styrki til viðburða á vegum menningarmiðstöðvar til Menningarráðs Austurlands og annarra styrktaraðila
- tengja saman hópa, félög, stofnanir og fyrirtæki sem fara með menningarmál í sveitarfélaginu og veita þeim ráðgjöf vegna styrkumsókna.

- hlúa að og efla það fjölbreytta menningarstarfi sem til staðar er í sveitarfélaginu og viðurkenna menningarmál sem eitt af meginverkefnum sveitarfélagsins
- leita eftir samstarfi við önnur sveitarfélög á Austurlandi um menningarviðburði
- að vera bakhjarl á einn eða annan hátt fyrir ýmsa aðila sem standa að menningarviðburðum
- stuðla að fræðslu á sviði lista og hönnunar
- efla áhuga ungs fólks á menningu og menningararfi m.a. í samstarfi við skóla og vinnuskóla
- greiða fyrir samskiptum fólks af ólíkum uppruna og styðja við menningu þeirra
- eiga samstarf við aðrar menningar- og þjóðmenningarstofnanir.
- efla tengsl við erlenda aðila og stofnanir bæði hvað varðar listræna viðburði og ráðstefnur.

5.gr.

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs er í nánú samstarfi við menningarstofnanir og frjáls félagasamtök í sveitarfélaginu m.a. um viðburði.
Þessir aðilar eru m.a.

Minjasafn Austurlands
Héraðsskjalasafn Austurlands
Bókasafn Héraðsbúa
Tónskóla
Leikfélög
Myndlistafélög
Tónlistafélög

6.gr.

Með stjórn Menningarmiðstöðvar fer menningarnefnd Fljótsdalshéraðs. Hana skipa 5 aðalfulltrúar og jafnmargir til vara og eru þeir skipaðir til fjögurra ára í senn. Formaður menningarnefndar er jafnframt formaður menningarmiðstöðvar og starfsmaður menningarnefndar jafnframt starfsmaður menningarmiðstöðvar.

7.gr

Fjármál og uppgjör.

Fjármál menningarmiðstöðvar heyra undir menningarnefnd og skal vera á sérstökum lið merktum Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs í bókhaldi sveitarfélagsins.

Uppgjör hvers árs skal lagt fyrir stjórn menningarmiðstöðvar í lok reikningsárs.

Kostnaðaráætlun skal gerð fyrir alla viðburði ásamt rekstri.

Ganga skal frá ársskýrslu fyrir hvert ár þar sem tekin er fram árangur hvers árs.

Starfstímabil Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs er almanaksárið.

8.gr.

Samþykktirnar skulu endurskoðaðar í síðasta lagi eftir eitt ár frá undirskrift þeirra.

9.gr.

Samþykktirnar taka gildi við samþykkt bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs.

Dagsetning og undirskrift menningarnefndar Fljótsdalshéraðs.